

REGLUGERÐ

17

5. febr.

um breytingu á starfsreglum fyrir öryggiseftirlit ríkisins, nr. 21 18. febr. 1953.

1. gr.

10. gr. starfsreglnanna orðist þannig:

Að lokinni fyrstu skoðun fyrirtækis ár hvert, gefur öryggiseftirlitið út reikning fyrir eftirlitsgjaldi fyrirtækisins og afhendir hann viðkomandi lögreglustjóra (tollstjóranum í Reykjavík) til innheimtu.

Hafi athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuháttu fyrirtækis við fyrstu skoðun á árinu, skal fyrsta eftirskoðun, sem framkvæmd er að umbóta-fresti liðnum, framkvæmd eiganda fyrirtækisins að kostnaðarlausu. Hafi verið vanrækt að framkvæma fyrirskipaðar umbætur, svo þeim sé ekki lokið, þegar eftirskoðun er gerð og eftirlitsmaður veitir nýjan frest til umbótanna, skal eigandi fyrirtækis greiða fullt gjald fyrir hverja skoðun, sem gera þarf umbótanna vegna, umfram fyrstu eftirskoðun. Þurfi eftirlitsmaður að takast ferð á hendur vegna slíkra eftirskoðana, skal eigandi fyrirtækisins einnig greiða allan ferðakostnaðinn.

Ef aukaskoðun er gerð að ósk eiganda fyrirtækis, vegna umbóta eða breytinga, sem hann hyggst gera eða hefur þegar framkvæmt, framkvæmir eftirlitið slíka skoðun, án þess að greiða þurfi gjald fyrir.

2. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Breyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

18

7. febr.

um holræsi í Seltjarnarneshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast oddviti eða maður, sem hreppsnefnd kann að fela það. Þóknun fyrir þau störf, og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.